



Fundargerð

10. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 fimmtudaginn 26. mars 2020, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Forfallaðir:

Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

Aðalfundur/árshátíð MSS – frestun?

Stjórn ræddi þá möguleika sem eru í stöðunni varðandi boðaðan aðalfund Markaðsstofunnar. Ákveðið var að fresta aðalfundi um óákveðinn tíma og taka stöðuna aftur í lok apríl. Samkvæmt nýsamþykktum samþykktum Markaðsstofunnar er heimild til að halda ársfund til loka maí.

Samþykktir – túlkun einstakra atriða

Stjórn ræðir um túlkunaratriði á samþykktum varðandi hverjir eru kjörgengir til framboðs til stjórnar. Ólafi og Ásu er falið að skoða þetta betur.

Helstu áherslur/viðbragð MSS á tímum Covid19

Framkvæmdastjóri kynnir erindi MAS sem sent var til ráðherra ferðamála um mögulegar aðgerðir. Starfsmenn vinna allir að heiman og hafa m.a. verið að heyra í ferðapjónustuaðilum og taka stöðuna. Höfum átt samtali við SAF, Ferðamálastofu, ráðuneyti ferðamála og atvinnuálanefnd Alþingis auk þess að vera í virku samtali við SASS. Verið að kynna ráðgjöfina okkar og á vegum SASS. Reynt er að halda uppi aukinni upplýsingamiðlun innan svæðis, héldum t.d. auka faghópsfund.

Mikil umræða fór fram um framkvæmd þessara markaðsaðgerða hjá Ferðamálastofu og Íslandsstofu og mikilvægi þess að landshlutarnir fái að koma strax að borðinu. Framkvæmdastjóri leggur til að við fáum að sjá fyrstu hugmyndir og vita hvaða fjármagn fylgir og taka ákvörðun út frá því.

Önnur mál

Fyrirkomulag aðildargjalda

Framkvæmdastjóra er falið að koma með tillögur að útfærslu aðildargjalda á þessu ári og næsta.

Staða

Stjórnarmeðlimir fóru yfir stöðuna í ferðaþjónustunni sem og í rekstri sinna eininga og hvað sé framundan.

Fundi slitið 12:15